

2005 nr. 132 20. desember**Lög um fjarskiptasjóð¹⁾**

¹⁾ Lög falla úr gildi í árslok 2024 skv. 9. gr., sbr. l. 100/2023, 29. gr.

Tóku gildi 30. desember 2005. Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 179/2011 (tóku gildi 30. des. 2011). L. 126/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017 nema 1., 2., c-liður 8., 9., 18., r-liður 19., 20., 22.–24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016, s-liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 62. gr.). L. 96/2017 (tóku gildi 31. des. 2017 nema 1., 11., 13., 14., 17.–27., 31.–35. og 38.–46. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2018; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.). L. 53/2018 (tóku gildi 22. júní 2018). L. 128/2022 (tóku gildi 1. jan. 2023 nema 1., 2., 6. og 9. gr. sem tóku gildi 31. des. 2022). L. 100/2023 (tóku gildi 1. jan. 2024 nema 31., 32. og 38. gr. sem tóku gildi 30. des. 2023; koma til framkvæmda skv. fyrirmælum í 39. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra eða háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Fjarskiptasjóður.

□ Stofna skal sérstakan sjóð, fjarskiptasjóð, sem hefur það hlutverk að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Sjóðurinn er eign ríkisins. Varsla hans og dagleg umsýsla heyrir undir [ráðuneytið].¹⁾

¹⁾ L. 126/2011, 411. gr.

■ 2. gr. Hlutverk.

□ Hlutverk sjóðsins er að úthluta fjármagni til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta, verkefna sem stuðla að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði fjarskipta og annarra verkefna, enda sé kveðið á um þau í fjarskiptaáætlun, og ætla má að ekki verði í þau ráðist á markaðsforsendum.

■ 3. gr. Stjórn.

□ [Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn fjarskiptasjóðs, þar af formann og varaformann, auk varamanna. Skipunin gildir til þriggja ára í senn.]¹⁾

□ Stjórn sjóðsins skal hafa yfirumsjón með fjármálum fjarskiptasjóðs í samræmi við hlutverk sjóðsins. Stjórn sjóðs-

ins [skal]²⁾ skila skýrslu um starfsemi sjóðsins til [ráðherra]³⁾ sem leggur hana fyrir Alþingi til upplýsingar.

¹⁾ L. 179/2011, 1. gr. ²⁾ L. 53/2018, 12. gr. ³⁾ L. 162/2010, 245. gr.

■ 4. gr. Fjármögnun verkefna.

□ Stjórnin ákveður framlög úr sjóðnum í samræmi við hlutverk sitt og fjarskiptaáætlun og semur greiðsluáætlun þar um innan heimilda fjárlaga. Stjórnin getur sett nánari reglur um framkvæmd einstakra verkefna, þar á meðal um faglegt eftirlit með verkefnum og framvindu þeirra. Stjórnin getur ákveðið tilfærslu fjármuna milli ára og/eða einstakra verkefna ef nauðsyn krefur.

■ 5. gr. Umsýsla og eftirlit.

□ Þeir sem fá úthlutað fé úr fjarskiptasjóði skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

□ [Ríkisendurskoðun annast árlega endurskoðun reikninga sjóðsins.]¹⁾

¹⁾ L. 179/2011, 2. gr.

■ 6. gr. Tekjur.

□ Tekjur fjarskiptasjóðs eru framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis og tekjur af ávöxtun fjármuna sjóðsins.

□ [Tekjur ríkissjóðs sem til eru komnar vegna gjalda fyrir afnot af tíðnum, sem lögð eru á samkvæmt heimild í lögum um fjarskipti, nr. 81/2003, skulu renna í fjarskiptasjóð.]¹⁾

¹⁾ L. 179/2011, 3. gr.

■ 7. gr. Kostnaður af rekstri.

□ Fjarskiptasjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni . . .¹⁾

¹⁾ L. 179/2011, 4. gr.

■ 8. gr. Reglugerðarheimild.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að kveða nánar á um skipulag sjóðsins og framkvæmd laga þessara með reglugerð.²⁾

¹⁾ L. 162/2010, 245. gr. ²⁾ Rg. 870/2014.

■ 9. gr. Gildistaka.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. [Lög þessi falla úr gildi í árslok árið [2024],¹⁾ inneign sjóðsins eftir uppgjör verkefna við þau tímamót rennur í ríkissjóð.]²⁾

¹⁾ L. 100/2023, 29. gr. ²⁾ L. 179/2011, 5. gr.